



Afgangur af viðskiptum við útlönd og bætt erlend staða

Á þriðja ársfjórðungi mældist 13,1 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd. Þetta er mun betri niðurstaða en á næsta fjórðungi á undan og sama fjórðungi í fyrra. Erend staða þjóðarbúsins batnaði á ársfjórðungnum og hefur aldrei verið hagstæðari.

Á þriðja ársfjórðungi mældist 13,1 ma.kr. afgangur af viðskiptum við útlönd. Niðurstaðan skiptist þannig:

- Vöruskiptajöfnuður neikvæður um 47,4 ma.kr.
- Þjónustujöfnuður jákvæður um 40,4 ma.kr.
- Frumþáttatekjur jákvæðar um 7,9 ma.kr.
- Rekstrarframlög neikvæð um 6,0 ma.kr.

Þetta er 12,5 ma.kr. betri niðurstaða en á sama ársfjórðungi árið áður og 50,0 ma. kr. betri niðurstaða en á fjórðungnum á undan. Í báðum tilfellum skýrist munurinn fyrst og fremst af meiri útflutningi á þjónustu vegna aukins útflutnings ferðaþjónustu. Sjá nánar í [Hagsjá um vöru- og þjónustujöfnuð á þriðja ársfjórðungi](#).

Meiri afgangur af frumþáttatekjum


Eins og áður kom fram var 7,1 ma.kr. afgangur af þáttatekjujöfnuði, en til þáttatekna teljast fjármagnstekjur og -gjöld, svo sem vaxtagreiðslur, arðgreiðslur og slíkt. Þetta er 3,5 ma.kr. meiri afgangur en var á öðrum ársfjórðungi.

Afgangurinn skiptist þannig:

- Tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila var 7,6 ma.kr.
- Hagnaður erlendra dótturfélaga í eigu innlendra aðila var 5,2 ma.kr.
- Vaxtagreiðslur af verðbréfum og annarri fjárfestingu til erlendra aðila voru 5,0 ma.kr.


Aukinn afgangur af þáttatekjum milli ársfjórðunga skýrist fyrst og fremst af auknu tapi innlendra dótturfélaga í erlendri eigu en lítil breyting var á hinum tveimur liðunum. Tap innlendra dótturfélaga í eigu erlendra aðila kemur til hækkunar á frumþáttatekjum. Þetta er fyrst og fremst bókfært

Viðskiptajöfnuður



Heimild: Seðlabanki Íslands

Frumþáttatekjur



Heimild: Seðlabanki Íslands




tap eða útreikningar á því tapi. Álverð var 6% hærra á 3. ársfjórðungi en á 2. ársfjórðungi, þannig að það er ólíklegt að þetta skýrist af verri afkomu álveranna milli fjórðunga.


Bætt erlend staða þjóðarbúsins.

Samkvæmt mati Seðlabankans voru erlendar eignir þjóðarbúsins 4.964 ma.kr. í lok ársfjórðungsins og erlendar skuldir 3.670 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 1.294 ma.kr. (44% af VLF) og batnaði um 175 ma.kr. (5,6% af VLF) á fjórðungnum. Þetta er 9. ársfjórðungurinn í röð sem erlend staða batnar, en hrein erlend staða dróst síðast saman á 2. ársfjórðungi 2019. Alls hefur erlend staða batnað um 832 ma.kr. á þessum 9 fjórðungum.

Bætt erlend stað á ársfjórðungnum skýrist nokkurn veginn til jafns af fjármagnsjöfnuði og gengis- og verðbreytingum. Alls batnaði erlend staða um 89 ma.kr. vegna fjármagnsjafnaðar og um 86 ma.kr. vegna og gengis- og verðbreytinga.



Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.